Nr. 391 8. apríl 2020

# AUGLÝSING

**um staðfestingu námsbrautarlýsinga framhaldsskóla.**

1. gr.

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, staðfest eftirfarandi námsbrautarlýsingar. Staðfesting felur í sér að lýsing á uppbyggingu námsbrauta, tengslum við atvinnulíf og/eða önnur skólastig, uppbyggingu náms á hæfniþrep, inntökuskilyrðum og skilyrðum um framvindu náms, grunnþáttum og lykilhæfni og námsmati sé í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla. Staðfestingin tekur ekki til einstakra áfangalýsinga. Hinar staðfestu námsbrautarlýsingar teljast þar með hluti af aðalnámskrá framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 674/2011.

Skólar bera ábyrgð á að áfangalýsingar námsbrauta og kennsla falli að hæfniviðmiðum brautar og þeim ramma sem aðalnámskrá setur skólastarfi.

2. gr.

| **Heiti námsbrautar** | **Raðnúmer** |
|---|---|
| Hljóðtækni, hljóðtækni, hæfniþrep 3 | (20-306-3-9) |
| Rytmísk tónlistarbraut - popplína, stúdent, hæfniþrep 3 | (20-459-3-7) |
| Popplína, rytmísk tónlistarbraut - popplína, hæfniþrep 3 | (20-460-3-9) |

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 8. apríl 2020.*

**Lilja Dögg Alfreðsdóttir.**

*Páll Magnússon.*

B-deild – Útgáfud.: 28. apríl 2020